



HÁSKÓLI ÍSLANDS

B.S. ritgerð

Í ferðamálafræði

Úr jakkafötum í GORE-TEX galla

Ástríða og hvatar frumkvöðla

Hildigunnur Guðfinnsdóttir

Júní 2023

LÍF- OG UMHVERFISVÍSINDAEILD

Úr jakkafötum í GORE-TEX galla

Ástríða og hvatar frumkvöðla

Hildigunnur Guðfinnsdóttir

Ritgerð unnin sem hluti af
Baccalaureus Scientiarum gráðu í ferðamálafræði

Leiðbeinendur:

Íris Hrund Halldórsdóttir sérfræðingur hjá Rannsóknarmiðstöð ferðamála
og Gunnar Þór Jóhannesson prófessor í ferðamálafræði

Líf- og umhverfisvísindadeild
Verkfræði- og náttúruvísindasvið
Háskóli Íslands
Reykjavík, júní 2023

Úr jakkafötum í GORE-TEX galla:
Ástríða og hvatar frumkvöðla
Ritgerð unnin sem hluti af námi til B.S. gráðu í ferðamálafræði

Höfundarréttur © 2023 Hildigunnur Guðfinnsdóttir
Öll réttindi áskilin

Líf- og umhverfisvísindadeild
Verkfræði- og náttúruvísindasvið
Háskóli Íslands
Tæknigarður, Dunhagi 5
107 Reykjavík

Sími: 525 4000

Skráningarupplýsingar:
Hildigunnur Guðfinnsdóttir, 2023, *Úr jakkafötum í GORE-TEX galla: Ástríða og hvatar frumkvöðla*, BS ritgerð, Líf- og umhverfisvísindadeild, Háskóli Íslands, 26 bls.

Útdráttur

Frumkvöðlar, samkvæmt hinni klassísku greiningu Schumpeters, eru þeir sem koma með eitthvað nýtt, sjá tækifæri sem aðrir sjá ekki og hafa þor og getu til að koma því í framkvæmd. Þeir skapa nýjungar og hafa þannig áhrif á efnahagslífið. Ein tegund frumkvöðla eru lífsstílsfrumkvöðlar, en þeir leitast við að skapa sér atvinnu í tengslum við áhugamál sín, umfram gróða von. Megin hvati þessa hóps af frumkvöðlum er að skapa sér spennandi starf og að vinna við það sem veitir þeim lífsfyllingu. Oft eru fjölskylda og vinir fegnir með í reksturinn, en þannig er auðveldara að tvinna saman daglegt líf og atvinnu. Haraldur Örn Ólafsson er frumkvöðull sem hefur í gegnum tíðina skapað sér tekjur með áhugamáli sínu. Það hefur leitt hann til þess að stofna fyrirtæki, Fjallafélagið. Tilgangur rannsóknarinnar er að skoða hvata og ástríður frumkvöðla. Notast var við eiginlega rannsóknaraðferð og til þess að fá dýpri skilning á ferlinu var lífsögurannsóknar aðferð beitt. Með því móti fékkst innsýn í þá hvata og ástríðu sem liggur að baki því að stofna og reka fyrirtæki í kringum áhugamál. Samhljómur er við erlendar rannsóknir, en þær gefa vísbendingar um að persónuleikaeinkenni ráði miklu um það hvaða einstaklingar gera ástríðu sína að lífsviðurværi.

Abstract

Entrepreneurs, according to Schumpeter's classic analysis, are those who come up with something new, see an opportunity that others don't see, and have the courage and ability to implement it. They create innovations and thus influence the economy. One type of entrepreneur is the lifestyle entrepreneur, who seeks to create a business related to their interests, rather than the hope of making a profit. The main motivation of this group of entrepreneurs is to create an exciting job for themselves and to work on what gives them fulfillment. Often family and friends are happy to join the business, but this way it is easier to combine daily life and work. Haraldur Örn Ólafsson is an entrepreneur who has created income through his hobby. They led him to start a company. The purpose of the study is to examine the motivations and passions of entrepreneurs. A qualitative research method was used, and to gain a deeper understanding of the process, a life history research method was applied. This event gave an insight into the motivation and passion behind starting and running a business around a hobby. There is harmony with foreign research, but they provide evidence that personality traits determine a lot about which individuals make their passion a living.

Efnisyfirlit

Myndir	vi
Þakkir	vii
1 Inngangur	1
2 Drifkraftur.....	3
2.1 Kenningasmiðir frumkvöðla.....	3
2.2 Hvatar frumkvöðla.....	4
2.3 Lífsstílsfrumkvöðlar	6
3 Um rannsóknina.....	9
3.1 Lífssögurannsókn	9
3.2 Gagnaöflun	9
3.3 Gagnagreining	10
3.4 Þemu.....	10
4 Úr jakkafötum í GORE-TEX galla.....	11
4.1 Hver er Haraldur Örn?.....	11
4.1.1 Metnaður og áskorun	12
4.2 Fjallaáhuginn kviknar	12
4.3 Úr jakkafötum í GORE-TEX galla.....	13
4.4 Fjallafélagið verður til	15
4.4.1 Tilviljun, þetta gerðist bara sko!	16
5 Umræður.....	19
5.1 Ferill frumkvöðulsins	19
6 Lokaorð.....	21
Heimildir.....	23
Viðauki A – Viðtalsrammi I.....	25
Viðauki B – Viðtalsrammi II	26

Myndir

Mynd 1: Bókin Fjallamennska eftir Ara Trausta Guðmundsson og Magnús Guðmundsson	13
Mynd 2: Haraldur Örn í fyrsta Íslenska Norðurpólsleiðangrinum	15

Þakkir

Fyrst og fremst vil ég þakka Haraldi Erni Ólafsyni, því án afreka hans hefði þessi ritgerð aldrei orðið að veruleika. Ég er mjög þakklát fyrir þann tíma sem hann gaf mér bæði í viðtölum og á fjöllum. Einnig vil ég þakka leiðbeinendum mínum þeim Írisi Hrund Halldórsdóttur og Gunnari Þór Jóhannessyni fyrir góða leiðsögn og hvatningu á meðan skrifunum stóð. Pétur Lúðvígsson og Margrét Björnsdóttir fá einnig mikið þakklæti fyrir góðan yfirlestur og stuðning. Sérstakar þakkir fær Birgir Pétursson eiginmaður minn fyrir að gefa sér tíma í yfirlestur og að hvetja mig áfram þegar mest á reyndi í gegnum allt ritgerðar ferlið og námið í heild sinni.

„Trust the process“

1 Inngangur

Miklar breytingar hafa orðið á atvinnuvegum á Íslandi á síðustu árum. Til að mynda hefur sjávarútvegur, sem verið hefur aðalvinnuvegur Íslendinga á tuttugustu öld (Stjórnarráðið, 2005) vikið sæti fyrir ferðaþjónustunni, en hér á landi er ferðaþjónusta orðin ein stærsta atvinnugrein þjóðarinnar (Stjórnarráðið á.á.) og skiptir því miklu máli fyrir efnahagsstarfsemina hér á landi. Mikið hefur verið fjárfest í greininni og mörg ferðaþjónustufyrirtæki orðið til á síðustu árum og fjöldinn allur af störfum skapast í greininni og tengdum atvinnuvegum (Íslandsbanki, 2019). Samfara því hefur áhugi Íslendinga á ferðalögum í eigin landi aukist. Samkvæmt könnun sem gerð var á ferðavenjum Íslendinga af Ferðamálastofu, þá ferðuðust nær allir landsmenn innanlands, eða rúmlega 80% árið 2021 og um 83% af þessum ferðum voru ferðir þar sem Íslendingar fóru í frí eða í skemmtiferð vegna tómsunda eða áhugamála. Í sömu könnun var spurt um ástundun útivistar í daglegu lífi. Kom í ljós að sjö af hverjum tíu Íslendingum stunduðu útiveru einu sinni í viku eða oftar árið 2021 (Ferðamálastofa, 2022). Samhliða þessari þróun hafa fjölmörg fyrirtæki í ferðaþjónustu sprottið upp sem bjóða Íslendingum upp á ferða- og æfingadagskrá þar sem margskonar ferðir eru í boði, svo sem hinar ýmsu fjallaferðir, náttúruhlaup og fleira.

Almennt eru ferðaþjónustufyrirtæki á Íslandi lítil fyrirtæki sem stofnuð eru af frumkvöðlum. Fram að þessu hafa flestar rannsóknir á frumkvöðlum verið gerðar með viðskipta- og hagfræðisjónarmið að leiðarljósi. Það hefur þó verið fræðimönnum hugðarefni að skilja ástríðuna, hvatann og persónuleikabættina sem verða til þess að einstaklingar sækjast í að stofna ný fyrirtæki, þrátt fyrir óryggið, erfiðleikana og háa tíðni gjaldþrota sem þeim fylgja. Í stað þess að kjósa launaöryggi hins almenna starfsmanns hafa frumkvöðlarnir ástríðuna, hvatann og persónueiginleikana til þess að hefja þá vegferð (Asante & Affum-Osei, 2019). Tímasetningar og ýmsir atburðir í lífi þeirra geta þó haft áhrif á ástríðuna og hvatann til þess að taka skrefið úti í óvissuna eða halda áfram á sömu braut (Wang, Hung & Huang, 2019).

Frumkvöðlar eru sérstaklega algengir í ferðaþjónustu, sérstaklega þeir sem teljast til lífsstílsfrumkvöðla, en lífsstílsfrumkvöðlar nefnast þeir sem stofna og reka fyrirtæki í kringum áhugamál sín, til að viðhalda ákveðnum lífsstíl, eða til að geta búið á ákveðnum stað (Edward H. Huijbens og Gunnar Þór Jóhannesson, 2013). Haraldur Örn Ólafsson er gott dæmi um slíkan frumkvöðul en hann stofnaði Fjallafélagið í kringum áhugamál sitt fjallamennsku. Fjallafélagið er ferðaþjónustufyrirtæki sem býður Íslendingum upp á ferða- og æfingadagskrá bæði innlands og utan. Haraldur Örn hafði áður getið sér gott orð sem fjallamaður og á glæstan ferill að baki í ýmiskonar fjallamennsku. Meðal leiðangra sem hann hefur farið í eru ferðir á sjö hæstu tindu hveggjar heimsálfu og hann hefur gengið bæði á Suðurpólinn og á Norðurpólinn og þvert yfir Grænlandsjökul. Með fyrirtæki sínu hefur hann leitt hópa upp á alla helstu tindu landsins og gengið á fjöll erlendis til dæmis Mt. Blanc, grunnbúðir Everest og Kilimanjaro (Fjallafélagið, á.á.). Haraldur Örn er lögfræðingur að mennt og hefur átt farsælan starfsferil sem slíkur. Hann starfar nú alfarið við rekstur og skipulagningu ferða með Fjallafélaginu hefur tekjur af því sem hann hefur ástríðu fyrir og veitir honum lífsfyllingu.

Í þessari rannsókn verður leitað svara við eftirfarandi spurningum:

- Hvað hvetur frumkvöðla til þess að fara úr öruggu starfi og yfir í áhættusaman rekstur?
- Hvaða lykilþættir í lífshlaupi Haraldar Arnar verða til þess að hann snýr sér alfarið að rekstri Fjallafélagsins?

Markmið rannsóknarinnar er að auka skilning á hvötum og ástríðum frumkvöðla. Persónuleikaeinkenni frumkvöðla verða skoðuð og hvernig hvatar þróast í tímans rás. Lífshlaup Haraldar Arnar verður skoðað í þessu samhengi. Hvatar og ástríður sem liggja að baki þess að farsæll lögfræðingur, eins og hann, fer út í það að skipuleggja fjallaferðir fyrir almenning og hafa atvinnu af því. Rannsóknin er eigindleg lífsögunarrannsókn sem byggir á viðtölum við Harald Örn.

Uppbygging þessarar ritgerðar er á þann veg að eftir þennan inngang verður fræðileg umfjöllun. Þar verður farið yfir helstu kenningarmiði frumkvöðla, frumkvöðulshátt, hvata og ástríður frumkvöðla sem og lífsstílsfrumkvöðla í ferðapjónustu. Farið verður yfir fræðilega nálgun rannsóknarinnar, kenningar og hugtök sem rannsókn þessi byggir á. Í þriðja kafla verður gerð grein fyrir vali á rannsóknaraðferðum og hvernig þær aðferðir voru útfærðar á meðan rannsókn stóð yfir. Í fjórða kafla verður sagt frá lífi og reynslu Haraldar Arnar og greining gerð á frásögn hans. Í fimmta kafla verða niðurstöður rannsóknarinnar dregnar saman og rannsóknarspurningunum svarað ásamt því að fara yfir rannsóknina í heild sinni og tenging gerð við fræðilegan kafla. Að lokum verða lagðar fram tillögur að frekari rannsóknum á lífsstílsfrumkvöðlum. Hvort og hvernig hægt sé að nýta þessa rannsókn til frekari athugana á efninu og farið yfir helstu kosti og galla rannsóknarinnar.

2 Drifkraftur

Hér verða helstu kenningar um frumkvöðla (*e. entrepreneur*) skoðaðar. Rýnt í hvað fræðimenn hafa ritað um persónuleikaeinkenni, hvata og ástríður þeirra. Einnig þær breytingar sem geta orðið á hvötunum í gegnum lífshlaup þeirra. Lífsstílsfrumkvöðlar (*e. lifestyle entrepreneur*) eru ein tegund frumkvöðla sem hafa verið skilgreindir og verða þeir sérstaklega skoðaðir í þessu samhengi.

2.1 Kenningasmiðir frumkvöðla

Að finna samhljóm í túlkun milli fræðigreina á hugtakinu frumkvöðull eða frumkvöðulsháttur (*e. entrepreneurship*) hefur reynst erfitt vegna fjölbreytileika í aðferðum, aðferðafræði og hafa fræðigreinarinnar nálgast hugtakið frá mismunandi sjónarhornum (Peters, Frehse & Buhalis, 2009). Þeir sem eru helst áberandi í skrifum um hugtökin, frumkvöðul og frumkvöðulshátt eru fræðimennirnir Joseph A. Schumpeter, Israel M. Kirzner, William J. Baumol og Edward Lazear. Kenningar um frumkvöðulinn voru fyrst settar fram af Austurríska hagfræðingnum Joseph A. Schumpeter í bók hans *Theory of Economic Development* sem kom út árið 1934. Þrátt fyrir að liðin séu um níutíu ár frá skrifum Schumpeter þá eru kenningarnar hans um frumkvöðla og nýsköpun enn vinsælar og eru skrif hans nú talin einn af hornsteinum í frumkvöðlafræðum. Samkvæmt kenningum Schumpeter er frumkvöðullinn sá sem setur fram nýjar hugmyndir, framleiðir nýjar vörur eða þjónustu. Frumkvöðull er einstaklingur sem þorir, hann er leiðtogi sem stofnar sitt eigið fyrirtæki með það fyrir augum hagnast á því (Schumpeter, 1934). Því taldi Schumpeter að frumkvöðlar og frumkvöðulsháttur væru mikilvægir fyrir atvinnulífið og hagkerfið í heild sinni (Peters, o.fl., 2009). Síðan hann lagði kenningar sínar fram hafa fleiri þekktir kenningasmiðir lagt lóð sín á vogarskálarnar hvað varðar greiningar á frumkvöðlum.

Kenningar bandaríska hagfræðingsins Israel M. Kirzner um frumkvöðulinn eru ekki ósvipaðar kenningum Schumpeter nema að Kirzner telur frumkvöðulinn leita í meira jafnvægi. Á meðan Schumpeter raskar jafnvægi á markaðinum með því að koma með nýja vöru eða framleiðsluferli þá talar Kirzner um að frumkvöðullinn sé árvakur einstaklingur. Einstaklingur sem getur séð fyrir um og er tilbúinn til að nýta sér ójafnvægi þess sem er fyrir á markaðnum og skapa þannig jafnvægi til að stuðla að betri nýtingu framleiðsluhátta. Frumkvöðullinn hefur því jafnvægisáhrif að mati Kirzner (Israel M. Kirzner, 1997; Rögnvaldur J. Sæmundsson & Örn D. Jónsson, 2010).

William J. Baumol er svo annar kenningasmiður en hann er einnig bandarískur hagfræðingur. Kenningar Baumol sameinar að einhverju leiti kenningar Kirzner og Schumpeter um það hvernig frumkvöðullinn nýtir og skipuleggur framleiðslu í efnahagslífinu en það sem er ólíkt með hinum tveimur fyrrnefndu kenningasmiðum er að Baumol telur það ekki alltaf verða jákvæð hagsæld þegar frumkvöðulinn á í hlut. Getur hann jafnvel dregið úr henni með frumkvöðlahætti sínum (Williams Baumol, 1990; Rögnvaldur J. Sæmundsson o.fl., 2010).

Öllu nýrri kenningasmiður er Edward Lazear (2002) leggur hann fram þá kenningu að frumkvöðull sé sá sem er „jack of all trades“ eða þúsund þjala smiður. Hann er sá sem að skarar ekki fram úr einni sérstakri grein heldur er góður á mörgum sviðum í rekstri. Rannsóknir hans gefa tilkynna að þeir sem hafa reynslu úr fjölbreyttri atvinnu og menntun verði farsælir frumkvöðlar frekar en þeir sem hafa einbeitt sér að einu verkefni eða viðfangsefni í einu.

Þegar kemur að rannsóknum um frumkvöðla þá hafa kenningar úr hagfræði haft yfirhöndina en vitað er að sumir frumkvöðlar eru ekki endilega keyrðir áfram af efnahagslegum hvötum, en þeir hafa verið skilgreindir sem lífsstílsfrumkvöðlar. Rannsóknir á sviði félagsvísinda á persónuleikaeinkennum frumkvöðla hafa greint nokkur sameiginleg persónuleikaeinkenni einstaklinga sem sýna frumkvöðulshátt. Þessi einkenni eru að hafa frumkvæði, áhættusækni, drifkraft, ástríðu og trú á eigin getu (Peters, o.fl., 2009). Dæmi um fræga og farsæla frumkvöðla eru til dæmis Steve Jobs stofnandi Apple, Oprah Winfrey þáttastjórnandi og Henry Ford bílaframleiðandi.

Í grunninn eru kenningar þessara hagfræðinga svipaðar. Frumkvöðlar eru mikilvægir fyrir hagkerfin, drífa hlutina áfram og hafa djúpstæð áhrif á gang atvinnulífsins þó svo að þeir séu kannski ósammála um annað. Kirzner telur frumkvöðulinn leita í jafnvægi á meðan hinn klassíska Schumpeter telur hann raska því. Baumol telur að frumkvöðlinum fylgi ekki alltaf hagsæld og Lazear telur að fjölbreyttur bakgrunnur skipti máli til þess að frumkvöðull geti verið farsæll. Flestar kenningar um frumkvöðla koma úr röðum hagfræðinga og eru því viðskiptalegs eðlis. Félagsvísindin hafa kafað ofan í persónuleikaeinkenni og fundið þar nokkur sameiginleg einkenni frumkvöðulsháttar.

2.2 Hvatar frumkvöðla

Frumkvöðulinn er sá sem sýnir af sér frumkvöðulshátt með því að skapa nýjar framleiðsluleiðir eða koma með nýjungar á markað til að uppfylla ákveðnar þarfir (Stanford á.á.). Kallast athæfið frumkvöðulsháttur og er þá vísað í hæfileika einstaklings til þess að fá hugmynd og gera hana að veruleika. Þegar kemur að því kanna hvatana á bak við frumkvöðulshátt er nauðsynlegt að skoða persónuleikaeinkenni þessara einstaklinga. Fræðimenn hafa skilgreint persónuleikaeinkenni sem gerir einstaklinga líklegri til þess að sýna af sér frumkvöðulshátt. Persónuleikaeinkennin sem hafa áhrif eru meðal annars innri og ytri forlagahyggja (*e. internal and external locus of control*) (Asante og Affum, 2019). Innri forlagahyggja þýðir að einstaklingur hefur trú á því að hans athafnir og gjörðir hafa áhrif á útkomu hlutana. Sá einstaklingur sem hefur ytri forlagahyggju trúir að athafnir og gjörðir hans hafa lítið um útkomu hluta að gera og að það séu helst ytri öfl sem ráða mestu þar um. Einstaklingar sem hafa innri forlagahyggju hafa yfirleitt jákvæðari sýn á lífið, eru óhræddari að takast á við verkefni og eru meira vakandi fyrir umhverfi sínu. Andstætt því eru þeir sem hafa ytri forlagahyggju. Þeir eru síður vakandi fyrir umhverfi sínu, hafa almennt neikvæðari sýn á lífið og þar með ólíklegri til að sýna af sér frumkvöðulshátt. Til þess að verða frumkvöðull þarf einstaklingurinn síðan einnig að hafa hæfileika til þess að koma auga á tækifæri til þess að þróa eða betrumbæta hluti (*e. opportunity recognition*). Asante og Affum-Osei (2019) skoðuðu samband milli persónuleikaeinkenna og hæfileika einstaklingsins til að sækja fram sem frumkvöðull. Komust þeir að því að einstaklingar sem hafa innri forlagahyggju eru líklegri til þess að sjá tækifæri og eru viljugri til þess að takast á við verkefni tengdum þeim. Einnig greindu þeir miðlunaráhrif (*e. moderating effect*) trúar

einstaklings á það að geta leyst verkefni tengd frumkvöðulshætti, frumkvöðlasjálfsstrú (*e. entrepreneurial searching self-efficacy*). Þessi áhrif geta virkað hvetjandi eða letjandi á frumkvöðulshátt einstaklinga, hvort sem þeir hafa innri eða ytri forlagahyggju. Af þessu leiðir að einstaklingar sem eru líklegir til þess að sýna af sér frumkvöðulshátt eru þeir sem geta greint tækifæri og hafa trú á því að geta hrint þeim í framkvæmd. Þessir einstaklingar hafa oftast innri forlagahyggju og mikla frumkvöðlasjálfsstrú.

Til þess að frumkvöðullinn geti hrint hugmynd af stað þarf viðkomandi að búa yfir sköpunarkrafti, frumkvæði og vera tilbúinn til þess að taka áhættu (Florea & Florea, 2013). Til viðbótar við þessa eiginleika þarf frumkvöðullinn að búa yfir mikilli ástríðu og eldmóði fyrir hugmyndinni svo það yfirvinni þær hindranir og erfiðleika sem fylgja því að stofna fyrirtæki. Þessi ástríða er tilfinning sem veitir gleði og hamingju, hún færir einstaklingi nautn og hefur jákvæð áhrif á tilfinningalíf hans. Þannig verður ástríðan svo mikil að áhugamál breytist úr því að veita ánægju og slökun í frítíma yfir í frumkvöðulshátt sem leiðir til þess að viðkomandi stofnar til dæmis fyrirtæki í kringum ástríðu sína. Allir þessir eiginleikar eiga sér djúpar rætur í frumkvöðulshætti sérhvers frumkvöðuls. Að elska það sem maður gerir og að gera það sem maður elskar (Milanesi, 2018). Hæfileikinn til þess að skipuleggja og hafa góða yfirsýn yfir verkefni er einnig mikilvægt svo að markmið þessara frumkvöðla náist. Einstaklingar sem sýna af sér frumkvöðulshátt leitast oft við að ná sínum persónulegu markmiðum og út frá því fæst efnahagslegur ávinningur og jafnvel að störf skapist fyrir aðra (Florea & Florea, 2013).

Upphaflegur hvati þess að frumkvöðlar fara út í fyrirtækjarekstur í ferðabjónustu getur breyst með tímanum. Þetta ferli að stofna og reka fyrirtæki er oft ekki línulegt ferli og ástríðan að baki rekstursins er ekki endilega sú sama og hún var í upphafi. Í rannsókn Wang, Hung & Huang, 2019 greina þeir fjórar ástæður fyrir breytingum á hvötum og stefnum í rekstri. Þessir hvatar eru lífsstíls stefna færast yfir í viðskipta stefnu, viðskipta stefna færast yfir í lífsstíl stefnu, eða viðhald óbreyttrar lífsstíls stefnu eða viðhald óbreyttrar viðskipta stefnu í rekstri. Wang og félagar (2019) greina svo tvo undir hvata fyrir því að þessar breytingar á stefnu eiga sér stað hjá frumkvöðlum. Undir hvatarnir eru breytingar á persónulegum eða umhverfisþáttum í lífi frumkvöðulsins. Breytingar á persónulegum hvötum greina þeir frekar niður sem breytingar á innri viðhorfum, innri þörfum eða lýðfræðilegum þáttum. Sem dæmi má nefna að fæðing barna getur haft þau áhrif að hvati frumkvöðulsins breytist. Trú á verkefnið eða reksturinn breytist. Umhverfisþættir svo sem breytingar á rekstrarkostnaði, þróun áfangastaðarins og breyting á kröfum ferðamanna hafði áhrif á hvata og ástríðu frumkvöðulsins. Út frá þessum mætti ætla að einhverjir frumkvöðlar hafi jafnvel misst ástríðuna, gefist upp og hætt rekstri.

Því ætti að horfa á starf frumkvöðulsins sem feril þar sem að margir þættir koma saman eins og sköpun, stefnumótun og skipulagning. Ferilinn er ekki línulegur og er engin ein leið að markmiðinu að stofa fyrirtæki. Ákveðin persónuleikakenni eru ríkjandi hjá einstaklingum sem eru líklegri til að sýna af sér frumkvöðulshátt. Breytingar á þjóðfélaginu og persónuhögum hefur áhrif á hvata frumkvöðulsins í gegnum tímans rás. Getur hann sveiflast á milli lífsstíls og viðskiptalega hvata. Eins getur ástríðan verið breytileg og jafnvel sloknað. Því er erfitt að skilgreina frumkvöðullinn eða stefnu hans sem eitthvað óumbreytanlegt, heldur skarast stefnurnar á frumkvöðulsferli hans.

2.3 Lífsstílsfrumkvöðlar

Þar sem ásýnd heimsins er ekki sú sama og hún var þegar Schumpeter (1934) kom fram með sínar kenningar um frumkvöðulstarfsemi þá hafa þær þróast og víkkað. Fleiri tegundir af frumkvöðlum í mismunandi geirum hafa verið skilgreindar. Ein af þessum tegundum sem hefur verið skilgreind er svokallaðir lífsstílsfrumkvöðlar. Það er einmitt sú gerð frumkvöðla sem þessi rannsókn fjallar um sem og hvatar þeirra. Williams, Shaw og Greenwood (1989) skrifuðu um afmarkaðan hóp frumkvöðla í ferðaþjónustu sem ráku smærri fyrirtæki. Tóku þeir félagar eftir því að forgangsröðun þessara frumkvöðla í rekstri var önnur en hins klassíska Schumpeters frumkvöðuls sem keyrði fyrirtæki sitt áfram á vexti og hagnaði með það fyrir augum að stækka og hagnast á því. Þessi tegund frumkvöðla lagði meira upp úr því að hafa frelsi, búsetu og ákveðinn lífsstíl að leiðarljósi. Fengu þeir þannig útrás fyrir að stunda skapandi störf og fengu meira jafnvægi milli vinnu, fjölskyldu og áhugamála (Marcketti, Niehm & Fuloria, 2009).

Í sinni rannsókn komst Morrison (2006) einnig að þeirri niðurstöðu að viðskipta og hagfræðilegir hvatar hjá lífsstílsfrumkvöðlum komi illa saman við niðurstöður rannsókna á frumkvöðlum í öðrum geirum. Samanburðurinn er erfiður þar sem rekstur lífsstílsfrumkvöðla er hvorki vaxta né gróða miðaður, heldur eru þeir að sækjast eftir ákveðnum lífsstíl. Lítið er til um sértækar rannsóknir á lífsstílsfrumkvöðlum út frá hvötum og ástæðum þeirra til reksturs (Ateljevic & Doorne, 2000), en leiða má líkum að því að svipuð persónuleikaeinkenni og hvatar fyrirfinnist hjá lífsstílsfrumkvöðlum eins og hjá hefðbundnari frumkvöðlum.

Skilgreining á þessari tegund frumkvöðla hefur verið á þann hátt að þetta séu einstaklingar sem eiga og reka fyrirtæki sem samræmast þeirra persónulegu gildum, skoðunum, ástríðu og áhugamálum. Hafa lífsstílsfrumkvöðlar þróað rekstur sinn á þann veg að hann fellur að hugmyndum þeirra um ákveðin lífsstíl, lífsgæði eða búsetu, frekar en að beinum gróða (Marcketti o.fl., 2009). Síðan eiga þessi persónulegu gildi oftast en ekki til með að renna saman við fyrirtækin og þjónustuna sem þeir bjóða upp á (Ateljevic & Doorne, 2000). Fjármögnun til stofnunar þessara fyrirtækja er oft gerð með sparnaði frá fyrri atvinnu eða eftirlaunasjóði og oft á tíðum er reksturinn knúin áfram af ástríðu, bjartsýni og áhuga (Peters o.fl., 2009). Lífsstílsfrumkvöðullinn nýtir fyrirtæki sitt í leit að ævintýri og oftast en ekki á stað sem hann hefur áður heimsótt í fríu. Hafa því Alþarnir, fallegar stendur eða aðlaðandi borgir sérstakt aðdráttarafli fyrir þessa tegund af frumkvöðlum. Sumir lífsstílsfrumkvöðlar eru leiðandi eða frumnotendur á auðlindum ýmissa svæða eða samfélaga þar sem þeir sjá oft tækifæri eða skort á þjónustu. Þetta getur nýtist vel í samstarfi við hefðbundnari fyrirtæki, þar sem lífsstílsfrumkvöðlarnir sjálfir hafa ekki getu eða vilja til þess að breyta ástríðu sinni í sjálfbært fyrirtæki (Peters o.fl., 2009). Getur því myndast farsælt samstarf milli þeirra sem eru í fyrirtækjarekstri og fylgja hinni klassíska Schumpeter leið að gróða og svo hinum frjálsglega lífsstílsfrumkvöðli. Algengt er að ferðaþjónustu fyrirtæki sem lífsstílsfrumkvöðullinn stofnar séu lítil fyrirtæki svo sem veitingastaðir, tveggja stjörnu gistihús eða álíka (Peters o.fl., 2009). Oftast en ekki eru þessi fyrirtæki fjárhagslega ósjálfbær til lengri tíma nema með tilkomu vinnuafli frá fjölskyldu og vinum sem ekki er launuð samkvæmt hinum almenna launamarkaði (Marcketti o.fl., 2009). Lífsstílsfrumkvöðlar hafa tilhneigingu til þess að leggja ekki meira á sig en þarf til þess að viðhalda rekstri fyrirtækisins svo að lífsgæðum þeirra sé ekki fórnað. Sumir endurskoða jafnvel ávinning þess að halda áfram rekstri ef þeir upplifa að lífsgæðum þeirra sé ógnað. Þeir eru því oft ekki að leitast

eftir að vera í gróðamiðuðum rekstri heldur bara að sjá sér og sínum farborða ásamt því að geta stundað sín áhugamál (Peters o.fl., 2009).

Stundum verður því ferðapjónustan ákveðið hliðarverkefni hjá þeim lífsstílsfrumkvöðlum sem eru algengir í dreifbýli þar sem ferðapjónustan er kannski aðeins ein af mörgum stöðum undir tekjuöflun lífsstílsfrumkvöðulsins (Edward Hákon Huijbens & Gunnar Þór Jóhannesson 2013). Þessi stefna lífsstílsfrumkvöðulsins þar sem gróði er ekki settur í forgang þarf ekki endilega að þýða að hann geti ekki orðið farsæll í sínu starfi og þróað fyrirtækið sitt áfram. Í staðinn gefur þetta honum tækifæri á að eiga í dýpri og innilegri samskiptum við viðskiptavinum sína og veita þeim mun persónulegri þjónustu en ef um stórt fyrirtæki væri að ræða. Einhverjar vísbendingar eru líka um að ákveðnir markhópar sem yfirleitt forðast fjöldaferðamennsku sækist frekar í þjónustu þar sem lífsstílsfrumkvöðullinn er með rekstur sinn (Ateljevic & Doorne, 2000). Það sem meira er að þeir eru líka mikilvægir til þess að ryðja brautina í vörubrúun og sköpun fyrir samliggjandi iðnað sem annars væri ósjálfbær. Getu þeir einnig örvað samfélagið sem þeir eru í og geta stuðlað að byggðarþróun sérstaklega við ákveðnar samfélags og búsetu aðstæður, sérstaklega á dreifbýlli svæðum (Ateljevic & Doorne, 2000). Samkvæmt Edward Hákon Huijbens og Gunnari Þór Jóhannessyni (2013) þá eru þessir lífsstílsfrumkvöðlar algengir í Íslenskri ferðapjónustu og þá sérstaklega á landsbyggðinni.

Nokkur gagnrýni hefur komið fram á rekstur fyrirtækja lífsstílsfrumkvöðla. Í rannsókn þeirra Hollick og Braun (2005) kemur fram að aðgangshindranir við að stofna fyrirtæki í ferðapjónustu eru ekki margar og regluverkið ekki flókið. Þar með er nýliðun og stofnun smærri fyrirtækja ör, sem gerir það að verkum að einstaklingar með litla eða enga sérfræði þekkingu í rekstri sækjast eftir að stofna ferðapjónustu fyrirtæki og fyrirtæki í tengdum greinum svo sem veitingarekstri. Þessi nýju fyrirtæki dafna einna helst í dreifbýlli samfélögum þar sem að fyrirtækja umhverfið er ómótaðra og samfélags og pólitískar aðstæður á svæðinu styðja við þau. Eftir því sem að svæðin þróast, mótast og ferðapjónustan eykst, harðnar samkeppnin og lenda mörg af þessum fyrirtækjum í vandræðum. Þar sem þessi smærri fyrirtæki sem eru í eigu lífsstílsfrumkvöðla og eru rekin með lífsstíl og lífsgæði þeirra í forgrunni eiga þau oft erfitt með að þróast með og takast á við nýjar áskoranir sem fylgja auknum ferðamannastraumi og aukinni samkeppni. Oft eru eigendur óviljugir til þess að fara í þá vinnu eða hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að taka þátt í harðnandi samkeppni. Lífsstílsfrumkvöðullinn vill oft halda sínu fyrir sig í rekstrinum og er þar með síður tilbúin til samstarfs við aðra og þiggur oft ekki faglega ráðgjöf. Þeir beita ekki gæðastjórnun og fylgja ekki vexti svæðisins sem þeir eru á. Hann vinnur hlutina á sinn hátt og fer eftir sínum eigin leiðum sem verður til þess að hann fer ekki hina hefðbundnu leið að hlutunum eins og til dæmis í vörubrúun og markaðssetningu (Peters o.fl., 2009).

Með auknum straumi ferðamanna og þróun áfangastaða, fara stærri og hagnaðardrífín fyrirtæki að ryðja sér til rúms og ýta út smærri fyrirtækjum. Þannig má segja að smærri lífsstílsfrumkvöðla fyrirtæki séu millibilsástand í þróunarferli áfangastaðar, sem breytist úr því að vera ókannaður útnári yfir í að verða fullmótaður ferðamannastaður (Hollick & Braun, 2005).

Hvað varðar lífslíkur fyrirtækja sem stofnuð eru af lífsstílsfrumkvöðlum þá endar rekstur þeirra oft með gjaldþroti og virðist ástæðan fyrir því vera hvað þau eru illa í stakk búinn til þess að mæta utanaðkomandi áskorunum eins og samkeppni, regluverki og hafa litla þekkingu á neytendarétti. Ónógt fjármagn og að vilja ekki þiggja faglega ráðgjöf hefur líka mikið að segja um lífslíkurnar en almenn færni í rekstri hafði þó mestu áhrifin. Í grunninn

Þá hafa margir lífsstílsfrumkvöðlar ekki þá reynslu og þekkingu sem þarf til þess að reka fyrirtæki í ferðaþjónustu (Hollick & Braun, 2005). Því er talið mikilvægt að styðja við þá frumkvöðla sem fara þessa óvenjulegu leið svo að þeir geti náð árangri í rekstri sínum. Sá stuðningur gæti verið í formi þjálfunar eða menntunar, hjálpa til við tengslamyndun við aðra í svipuðum rekstri og svo auðvelda aðgengi þeirra að fjármunum (Peters o.fl., 2009).

Í grein Solvoll, Alsos og Bulana (2015) um frumkvöðla í ferðaþjónustu kemur fram að marka þurfi eina stefnu þegar kemur að rannsóknum um frumkvöðla í ferðaþjónustu. Rannsóknirnar hafa náð yfir mismunandi viðfangsefni og sjónarhorn en lítið er um að samræmd þekking sé þróuð. Nauðsynlegt er því að rannsaka starfsemi lífsstílsfrumkvöðla nánar og þarf samfélagið og ríkið að stýra vexti og þróun þeirra með einum eða öðrum hætti sérstaklega á dreifbýlli svæðum (Edward Hákon Huijbens & Gunnar Þór Jóhannesson, 2013).

Má því segja að lítil fyrirtæki í ferðaþjónustu séu vettvangur fyrir þessa tegund af frumkvöðlum til þess að vinna við áhugamál sín og þannig svala ákveðinni þörf eða veita þeim lífsfyllingu (Peters, o.fl., 2009). Bendir Milanese (2018) á að hvati lífsstílsfrumkvöðla í að reka fyrirtæki sín sé keyrð áfram af ástríðu og persónulegum þörfum eins og að njóta lífsins og styrkja sjálfsmynd sína. Fræðimenn virðast flestir vera sammála um að lítil fyrirtæki rekin af lífsstílsfrumkvöðlum sé stór þáttur í ferðaþjónustu. Einnig sé þörf á öðruvísi nálgun ótengt viðskipta og hagfræðilegri nálgun til þess að greina betur þess konar rekstur og hvata sem liggja þar á baki.

3 Um rannsóknina

Í þessum kafla verður farið yfir rannsóknaraðferðir. Fjallað verður um gagnaöflunina, gögnin og þær aðferðir sem beitt var til þess að framkvæma hana. Fyrst er fjallað um rannsóknarsnið hennar, lífsögurannsókn. Þar á eftir er fjallað um viðtalsrannsóknina, hvernig hún var framkvæmd og hvernig gögnin voru að lokum greind.

3.1 Lífsögurannsókn

Til þess að fá sem bestan skilning á sögu Haraldar Arnar og til þess að hann fengi tækifæri til að segja sögu sína á sem ýtarlegastan hátt, þótti við hæfi að gera eigindlega rannsókn „qualitative research“. Þegar eigindlegum rannsóknaraðferðum er beitt er áherslan lögð á viðtöl við viðmælendur en ekki notast við tölulegar upplýsingar en þetta er líklega ein mest notaða rannsóknaraðferðin þegar framkvæmdar eru eigindlegar rannsóknir (Bryman, 2016). Þar sem að rannsóknin snýst um að skoða lífshlaup, ástríðu og hvata Haraldar Arnar þótti við hæfi að beita lífsögurannsókn (*e. life history method*) er hún er ein tegund af eigindlegum rannsóknum. Viðtalið getur spannað annað hvort heilt æviskeið eða ákveðið tímabil í lífi fólks. Tímabilunum og lífsferlinu er svo lýst á þeirra persónulegu forsendum. Gagnasöfnunin er annað hvort munnleg eða skrifleg með spurningum og svörum sem lýsa lífi einstaklings. Oft eru tekin mörg viðtöl þar sem stöðugt er verið að skoða ákveðnar breytingar á tímabili eða æviskeiði viðmælanda. Lífsögurannsókn hjálpar bæði rannsakandanum og viðmælandanum að sjá hvernig atburðir, gjörðir og hegðun hefur mótað val eða ákvarðanir viðmælanda. Huglæg frásögn gefur betri skilning á því hvers vegna tilteknar ákvarðanir voru teknar eða á ákveðnu tímabili í lífinu. Þannig er hægt að kortleggja mikilvæg tímamót, atburði eða vendipunkta sem hafa haft áhrif á einstaklinginn og skipta rannsóknina máli (Singh, Tebboth, Spear, Mensah, Ansah & Davies, 2018).

Tekin voru tvö hálfstöðluð viðtöl (*e. semi-structured*) við Harald Örn. Hálfstöðluð viðtöl gefa viðmælanda tækifæri á sem frjálssastan hátt að lýsa ákveðinni upplifun og hvernig hann túlkar og skilur viðfangsefnið (Bryman, 2016). Notast var við viðtalsramma (*e. interview guide*) sem hjálpartæki við viðtölin. Viðtalsrammi samanstendur af þeim meginþáttum og undirþáttum sem að rannsakandi vill koma á framfæri á meðan viðtalinu stendur. Hann er aðeins notaður til hliðsjónar fyrir rannsakandann í viðtalinu og því þarf hann að þekkja alla þætti rammans mjög vel (Bryman, 2016). Viðtalsramma I og II er að sjá í viðauka A og B í lok ritgerðarinnar.

3.2 Gagnaöflun

Við gagnaöflun lífsögurannsóknarinnar var notast við opin viðtöl með viðtalsramma til stuðnings. Fékk Haraldur Örn gott svigrúm til þess að leiða viðtölin og þannig fékkst góð dýpt í þau. Voru viðtölin tvö tekin upp með rúmlega mánaðar millibili. Fyrra viðtalið var fimmtíu og níu mínútur að lengd og það síðara var rúmlega fjörutíu og fjórar mínútur. Bæði viðtölin fóru eins fram, notast var við Zoom fundarforritið og Haraldur Örn látin vita

fyrirfram að viðtölin yrðu öll tekið upp til þess að hægt væri að afrita þau seinna meir. Þess var gætt að rannsakandinn væri sem minnst leiðandi í viðtölunum og var flæði þeirra því mjög létt og eðlilegt, eins og um samtal milli tveggja vina væri að ræða. Punktur voru teknir niður á meðan viðtölunum stóð um hugmyndir að frekari spurningum sem rannsakanda fannst hann þurfa að spyrja að síðar.

3.3 Gagnagreining

Greining beggja viðtala hófst um leið og slökkt var á upptökunni á Zoom forritinu hverju sinni. Þá voru skrifaðar niður hugleiðingar, um hvað rannsakanda fannst á þeim tímapunkti standa upp úr í viðtölunum, bæði um tilfinningar sem komu fram og einnig áhugaverðar setningar sem komu frá Haraldi Erni. Næstu tvo daga voru viðtölin afrituð orðrétt. Í framhaldinu voru viðtölin kóðuð. Kóðar (*e. coding*) sem fengir voru úr viðtölum í eigindlegum rannsóknum eru annað hvort orð eða stuttar setningar sem eru lýsandi fyrir það sem viðmælandinn segir. Með þessari aðferð eru gögnin brotin niður í einingar (Saldaña, 2016). Út frá kóðunum eru rannsóknargögnin flokkuð niður í flokka og þemu. Alls voru kóðarnir tuttugu og einn og út frá þeim fengust fjögur megin þemu sem greint er frá í niðurstöðukaflanum.

3.4 Þemu

Eftir úrvinnslu gagnanna greindi rannsakandi fyrst og fremst fjögur þemu. Fyrsta þema snýst um æsku Haraldar, skólagöngu og vinnuferil. Annað þema fjallar um það þegar fjallaáhuginn kviknar og hvernig hann leiðir Harald áfram. Í þriðja þema segir frá því þegar hann tekur að sér stærri fjallaverkefni og gengur á báða pólana. Fjórða og síðasta þemað greinir frá vexti og þroska Fjallafélagsins og framtíðar áætlunum þess.

Rannsóknin byggir á lífi og reynsluheimi Haraldar Arnar Ólafsonar. Hann er fæddur árið 1972 og er uppalinn í Reykjavík. Hann sleit barnaskónum í Vesturbænum, gekk í Mela- og Hagaskóla fór síðan í Verzlunarskóla Íslands og þaðan í Háskóla Íslands, þar sem hann lauk embættisprófi í lögfræði. Frá útskrift starfaði hann sem lögfræðingur hjá ýmsum lögfræðistofum og ráðuneytum, á milli þess sem hann stundaði fjallamennsku og pólfærðir. Tengslum milli rannsakanda og Haraldar Arnar er þannig háttað að rannsakandi hefur farið í margar gönguferðir með Haraldi Erni og tekið þátt í ýmsum gönguáskorunum, þar á meðal þverað Vatnajökul, farið hringinn í kringum Mt. Blanc og klifrað í Dolómítunum á Ítalíu. Það var einmitt í ferð yfir Vatnajökul, nánar tiltekið í skálanum í Grímsvötnum, sem hugmyndin að þessari rannsókn varð til.

Með lífsögunarrannsóknaraðferðinni tókst að kafa djúpt ofan í lífskeið Haraldar Arnar og kortleggja ýmis tímabil í lífi hans. Viðtölin voru því mjög djúp og fengust mjög nákvæmar og greinagóðar útskýringar á þessum tímabilum í lífi hans. Áhugavert var að sjá hvernig viss tímamót og atburðir hafa í raun mótað allt hans líf. Með kortlagningu af þessu tagi er kleift að greina mynstur í lífshlaupi einstaklings og út frá því er oft hægt að segja til um hvaða ákvarðanir og aðgerðir væru bestar fyrir fólk að grípa til varðandi framtíðina og hvaða inngríp þurfi að eiga sér stað og í hvaða formi (Singh o.fl., 2018).

4 Úr jakkafötum í GORE-TEX galla

Í þessum kafla verða kynntar niðurstöður rannsóknarinnar og farið í gegnum helstu þemu sem greina mátti við úrvinnslu gagna. Megin þemu sem komu í ljós eftir kóðun og þemagreiningu voru fjögur talsins og hefur hvert þeirra nokkur undirþemu sem einnig verða rædd. Fyrsta þema er um æsku Haraldar Arnar, önnur er um fjallaáhugann, þriðja er stórir sigrar á fjöllum og sú fjórða og síðasta er um Fjallafélagið.

4.1 Hver er Haraldur Örn?

Eins og áður hefur komið fram er Haraldur Örn er fæddur árið 1972 og er hann elstur þriggja bræðra. Hann er uppalinn í Reykjavík með stuttu stoppi í Hafnarfirði og Englandi á meðan foreldrar hans voru þar við nám. Á uppvaxtarárunum bjó hann þó lengst af í vesturbæ Reykjavíkur og gekk í Mela- og Hagaskóla. Eftir skyldunám lá leið hans í Verzlunarskóla Íslands.

Af einhverjum ástæðum þá fór ég frekar í Versló.

Straumur skólafélaga hans lá úr Hagaskóla yfir í Menntaskólann í Reykjavík. Í stað þess að fylgja þeim straumi fór hann í Verzlunarskóla Íslands. Hann var mjög ánægður með valið og fannst skólinn vera nútímalegur, líflægur og skemmtilegur. Skólinn var laus við að vera hverfissskóli og þar kynntist hann mikið af nýju fólki. Svo virðist sem að Haraldur Örn hafi ungur valið að fara aðrir leiðir en samferðafólk hans og ekki fylgt straumnum, viljað vera framúrstefnulegur og fundið sínar eigin leiðir.

Svo lá straumurinn svolítið í viðskiptafræðina, skólafélagarnir fóru margir þangað.

Eftir útskrift ákvað hann aftur að fylgja ekki félögunum úr Verzlunarskólanum en flestir þeirra fóru í viðskiptafræði. Hann langaði í eitthvað annað, eitthvað nýtt. Eftir að hafa farið gegnum kennsluskrá Háskólans og strikað út allt sem hann langaði ekki að fara í stóðu eftir þrjú fög. Jarðfræði, viðskiptafræði og lögfræði. Honum fannst ekki mikið af tækifærum eða áskorunum í jarðfræðinni og viðskiptafræðin heillaði hann ekki. Á þeim tíma sem hann útskrifaðist var gjarnan talað um offramboð af viðskiptafræðingum og að framtíðarhorfur eftir nám væru ekki góðar.

Þú verður bara gjaldkeri í banka.

Úr varð að Haraldur Örn fór í lögfræði og útskrifaðist árið 1996 frá Háskóla Íslands. Haraldur Örn hefur frá unga aldri sýnt að hann gengur gegn hefðum, fer sínar eiginleiðir og er óhræddur við áskoranir eins og kemur vel fram í vali hans á skóla og námi.

4.1.1 Metnaður og áskoranir

Það skín í gegnum bæði viðtölin við Harald Örn að hann er mjög metnaðarfullur og veigrar sér ekki við að taka að sér verkefni sem í felast töluverðar áskoranir. Metnaðurinn kemur augljóslega fram í vali hans á námi í lögfræði og síðar meir í vali á starfi, frístundaiðkunum og stærri í fjallaverkefnum.

Ég hef líka alltaf haft einhverja svona löngun í áskoranir.

Eftir útskrift fór hann að vinna á lögfræðistofu en stefndi alltaf á að stofna sinn eigin rekstur í lögmennsku. Þær áætlanir viku svo fyrir ennþá metnaðarfullri áformum, en það var að ganga á pólana tvo og síðar að klífa sjö hæstu tinda hveirrar heimsálfu. Snemma á lífsleiðinni komu fram dæmigerð einkenni frumkvöðuls hjá Harald Ernri, bæði metnaður og vilji til að takast á við áskoranir. Hann fylgdi ekki straumnum, fór sínar eigin leiðir og hefur mikla löngun í að ná árangri. Vilji hans stóð til að taka áhættu og skapa eitthvað nýtt svo sem að stofna sína eigin lögfræðistofu, þó svo að af því hafi ekki orðið.


4.2 Fjallaáhuginn kviknar

Þau sem lögðu grunninn að útivistaráhuga Haraldar Arnar voru föðurafi hans og amma. Þau voru miklir ferðafrömuðir og ferðalög voru í hávegum höfð hjá þeim. Sögur þeirra af ferðalögum höfðu mikil áhrif á Harald Örn og kveiktu áhuga hans. Foreldrar hans ferðuðust einnig nokkuð, fóru bæði í veiðiferðir upp á hálendið og í lengri gönguferðir. Allt þetta heillaði Harald Örn og það átti vel við hann að vera úti í náttúrunni. Þegar Haraldur Örn var um tólf ára barst bók inn á heimili hans sem heitir Fjallamennska eftir Ara Trausta Guðmundsson og Magnús Guðmundsson. Í henni er fjallað um fjallamennsku, klifur og jöklagöngur. Hreifst hann mjög af bókinni og við lestur hennar kviknaði áhugi hans á fjallamennsku. Þegar hann var aðeins fjórtán ára gamall mætti hann á æfingu hjá Alpaklúbbnum þar sem hann hitti hóp af strákum sem voru fæddir sama ár og hann, en voru ekki með honum í skóla. Aldurstakmark fyrir inngöngu í klúbbinn var sextán ár, en vegna þess hve lítil ásókn var í Alpaklúbbinn á þessum tíma var þeim leyft að mæta æfingar og vera með í starfinu.

Eftir að hafa kynnst strákunum í Alpaklúbbnum vildi hópurinn endilega ganga í björgunarsveit. Haraldur Örn var ekkert spenntur fyrir því en lét til leiðast og fór þeim. Varð Flugbjörgunarsveitin í Reykjavík fyrir valinu, en aftur þurftu þeir félagar að fá undanþágu til inngöngu í sveitina þar sem að þeir voru of ungir fyrir starfið. Síðar dró úr áhuga hjá þessum félögum og varð Haraldur Örn því orðinn einn eftir af hópnum. Þó svo að Haraldur Örn hafi verið langt kominn með að ljúka inngöngu í Flugbjörgunarsveitina, þá kláraði hann ekki. Honum fannst starfið ekki eiga við sig þar sem honum fannst vanta meira frelsi innan sveitarinnar. Frelsinu og því að vera á eigin forsendum var hann vanur frá því þegar hann sjálfur fór að fara á fjöll og að klífa tinda.

Þegar maður er í þessari fjallamennsku og klifri er þetta svona „hardcore“ og þetta er rosa mikið frelsi og maður er á eigin forsendum.

Í björgunarsveitinni var mikið af reglum, skipulagi og hálfgerðan heraga sem hentaði Haraldi Erni ekki. Samt sem áður gagnaðist þessi tími í sveitinni honum vel og hann lærði mikið sem hjálpaði honum síðar í fjallamenskunni.



Mynd 1: Bókin Fjallamenska eftir Ara Trausta Guðmundsson og Magnús Guðmundsson

Enn og aftur kemur í ljós þessi sterka þörf hans fyrir að fara sína eigin leiðir og hann sækir í frelsi. Ferðalög með foreldrum og það að eiga sterkar fyrirmyndir í föðurafa sínum og ömmu lögðu grunn að útvistaráhuga Haraldar Arnar. Bókin Fjallamenska örvaði ímyndunarafl hans og bjó til frekari hvata til þess að hefa feril í fjallamensku, en síðar víkkuðu Alpaklúbburinn og Flugbjörgunarsveitin þann áhuga og lögðu frekari grunn að stærri verkefnum í fjallamensku og svo framtíðinni.

4.3 Úr jakkafötum í GORE-TEX galla

Á meðan Haraldur Örn var við nám í lögfræði var hann alltaf með annan fótinn í útivist. Það var svo árið 1997, eða um ári eftir útskrift, að hann og Ingþór Bjarnason vinur hans gengu á Suðurlpólinn. Í beinu framhaldi af þeirri göngu fóru þeir félagar að skipuleggja göngu á Norðurlpólinn. Til þess að geta einbeitt sér algjörlega að skipulagningu svo stórs verkefnis hætti Haraldur Örn að vinna, en fram að því hafði hann verið sjálfstætt starfandi lögfræðingur og vann að því að opna sína eigin lögmannsstofu. Eftir gönguna á Norðurlpólinn var ætlunin alltaf sú að taka upp þráðinn frá því sem frá var horfið og halda áfram lögmenskunni og að stofna eigin stofu. Ferðalag þeirra á Norðurlpólinn hófst þann 10. mars árið 2000. Þetta verkefni markar þáttaskil í lífi Haraldar Arnar. Mikill áhugi var hjá þjóðinni fyrir Norðurlpólsverkefninu og það fékk mikla umfjöllun í fjölmiðlum bæði á meðan göngunni stóð og eftir hana. Fyrir ferðina var Haraldur Örn svo til óþekktur en eftir að heim var komið fékk hann mikla athygli. Öll þjóðin fylgdist með þeim á göngunni og samgladdist árangri þeirra. Hann var stoppaður út í búð, fólk vildi taka í höndina á honum og bað hann um eiginhandaráritanir. Eftir heimkomuna var sérstök móttaka haldin á Ingólfstorgi og hefur henni síðar verið líkt við móttökur sem landsliðsstrákarnir í handbolta og fótbolta hafa fengið

við heimkomu eftir góðan árangur á EM og HM mótum. Öll þessi athygli kom Haraldi Erni á óvart, hann var sjálfur ekki að sækjast eftir því að verða stjarna.

Ég hef ekkert verið að pæla mikið í því þegar að ég var að ganga á pólinn en þá verð ég einhver stjarna þarna í ferðinni og var svona óþekktur fyrir ferðina.

Þessi athygli hjálpaði til við að fá styrktaraðila fyrir frekari ferðalög og ýtti undir umfjöllun í fjölmiðlum. Haraldur Örn ákvað að nota þennan meðbyr sem hann fékk eftir að hafa gengið á pólanna, sérstaklega eftir Norðurpólsævintýrið og byrjaði að skipuleggja ferð á sjö hæstu tindum hverrar heimsálfu. Á meðan á þessum kafla í líf hans stóð stundaði hann enga lögmennsku heldur einbeitti sér að því að skipuleggja klifur á hæstu tindum hverrar heimsálfu. Á þessum tíma varði hann tveimur árum sem atvinnumaður í fjallamennsku og framleiddi sjónvarpsþætti sem fjölluðu um þessi stóru verkefni. Hann var jafnframt komin nokkuð áleiðis með að skrifa bók, sem að endingu var ákveðið að gefa ekki út. Eftir að þessum stóru verkefnum lauk stóð Haraldur Örn á tímamótum og nú þurfti hann að ákveða hvaða stefnu hann ætlaði að taka í lífinu.

Ég upplifi mig svolítið vera á tímamótum.

Fjallamennska var ekki hálauna vinna og þegar allir vinir hans úr lögfræðinni voru farnir að stunda lögfræðistörf, kaupa sér einbýlishús og komnir áfram með líf sitt, þá hafði það áhrif á hann. Hann hefði getað haldið áfram á þeirri braut að klífa fjöll, en þá hefði hann þurft að sækja á alþjóðlegan markað, leita sér að styrktaraðilum og þurft stöðugt að finna stærri og stærri verkefni til þess að viðhalda framanum. Hvati hans á bak við fjallamenskuna var alls ekki að vera stöðugt í sviðsljósinu og láta bera á sér fyrir afrek sín.

Bubbi getur endalaust uppgötvað sjálfan sig en ég er bara ekki týpan í það.

Tíðarandinn í þjóðfélaginu var líka allur annar en hann er í dag. Á þessum tíma voru Íslendingar ekki að sækja í útivist eins mikið og þeir gera nú. Hér var heldur ekki fullt af ferðamönnum sem flykkust til landsins. Hann sá ekki alveg tekjumöguleikana í því að halda áfram sem fjallamaður á Íslandi. Einnig höfðaði það ekki mikið til hans að vera alltaf í fjölmiðlum vegna afreka sinna, vekja á þeim athygli og segja frá þeim. Hann hefur bara alltaf viljað láta verkin tala. Þess vegna stóð valið á milli þess að verða leiðsögumaður í GORE-TEX galla eða fara aftur í jakkafötin og stunda lögmennsku.

Ég sagði við sjálfan mig ok, ég hef val milli þess að fara aftur í lögfræðina eða verða gæd í GORE-TEX galla.

Síðasti tindurinn í fjallaverkefninu var hæsti punktur veraldar, Everest, en Haraldur Örn fór á tind Everest í maí 2002. Eftir að sjö tindar verkefninu lauk byrjaði Haraldur Örn aftur að vinna á lögfræðistofu. Honum fannst þetta ekki vera nein draumastaða en lítið var um störf á þessum tíma og honum fannst hann þurfa að sanna að hann gæti unnið þessa hefðbundnu vinnu en ekki bara verið í fjallaverkefnum. Síðar fyrir algjöra tilviljun var honum boðin tímabundin staða í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, en þar fékk hann verkefni við að semja reglur fyrir banka sem leiddi til þess að honum var boðin staða í lögfræðideild Íslandsbanka. Þegar Haraldur Örn byrjaði í bankanum var farið að stytast í lok góðærisins, en hann starfaði

í bankanum í gegnum efnahagshrunið sem varð árið 2008. Þrátt fyrir allt fannst honum gaman í bankanum og starfið átti vel við hann. Margt var gefandi í starfinu, hann átti auðvelt með að sjá nokkra leiki fram í tímann og hvernig ætti að spila næstu leiki til þess að ná sem bestri niðurstöðu. Aftur urðu tímamót í starfsferli Haraldar Arnar þegar hann tók við stöðu framkvæmdastjóra Íslandssjóðs, dótturfyrirtækis Íslandsbanka. Því starfi fylgdi mikil ábyrgð og áskoranir, en þar vann hann í tíu ár. Þegar Haraldur Örn var spurður hvað hann hefði helst viljað gera eftir öll fjallaafrekin, þá sagðist hann í raun ekki vita það. Hann sagðist vera keppismaður, honum finnst gaman að vinna mál en þolir ekki að tapa. Þrautseigja, úthald og að vera góður í leikjafræði væru hans styrkleikar. Hann sagðist vera vandvirkur þegar kemur að allri vinnu við lögfræðina, hann tók hana alvarlega og náði að eigin sögn góðum árangri fyrir skjólstæðinga sína.

Minn styrkleiki er þrautseigja, úthald og svo er ég góður í leikjafræði.

Þrátt fyrir mikla vinnu á meðan þessum tíma stóð í bankanum og síðar hjá Íslandsbréfum var hann alltaf eitthvað í fjallamennsku, bæði fyrir sjálfan sig og fyrir Ferðafélag Íslands, þó það hafi verið miklu minna en áður. Á þessum árum stofnaði hann Fjallafélagið eða árið 2009.



Mynd 2: Haraldur Örn í fyrsta Íslenska Norðrúpólsleiðangrinum

Á þessum tíma lagði hann drauminn um að stofna sína eigin lögmannsstofu til hliðar. Hann nýtti þann meðbyr sem fylgdi því að klára Norðrúpólsgönguna og gerist atvinnumaður í fjallamennsku. Eftir að hafa toppað Everest stendur hann á tímamótum. Annað hvort er hann að fara alla leið með fjallamennsku á alþjóðavettvangi eða snúa sér aftur að lögfræðinni sem hann svo gerir. Enda sér hann ekki framtíð í því að leiðsögumaður á fjöllum á Íslandi

4.4 Fjallafélagið verður til

Þrátt fyrir að Haraldur Örn hafi verið önnur kafinn við lögfræðistörf í bankanum gaf hann sér samt tíma til þess að ganga á fjöll. Þegar pabbi hans fór í stjórn Ferðafélags Íslands (FÍ) bað hann Harald Örn um að taka að sér ferðanefnd félagsins. Úr verður að hann skipuleggur ferð á Hvannadalshnjúk (Hnjúkurinn) hæsta tind Íslands. Áður höfðu þessar ferðir á vegum

FÍ legið niðri og sá Haraldur Örn tækifæri í að endurvekja þær með öðru sniði en gert var áður. Kostnaði var haldið í lágmarki, en hver og einn átti að koma sér sjálfur á staðinn, en FÍ veitti einungis leiðsögn. Áður var meira umstang kringum þessar ferðir, bæði varðandi gisting og rútuferðir. Þessi ferð sló rækilega í gegn hjá Íslendingum. Um 100 manns mættu í gönguna sem fékk mikla umfjöllun í fjölmiðlum, öllum að óvörum. Án þess að Haraldur Örn ætli að eigna sér hugmyndina, þá telur hann að þessi ferð hafi verið upphafið að Hnjúks æði sem byrjaði á þessum tíma. Næstu árin gekk fjöldi manns á Hnjúkinn en Haraldur Örn var hvað eftir annað að hitta á fólk sem annað hvort var að fara eða koma af Hnjúknum. Þessar ferðir á Hnjúkinn hafa glatt hann mjög og hann nýtur þess að koma hópum göngufólks á toppinn og hann upplifir mikla gleði, ekki síst vegna ánægju og þakklætis hópsins.

Þá bara fatta ég, heyrðu þetta er nú bara helvíti gaman.

Næstu árin hélt Haraldur Örn áfram að skipuleggja ferðir fyrir ferðanefnd FÍ. Einnig tók hann að sér að skipuleggja ferðir fyrir stærri fyrirtæki og hópa ótengda FÍ og var umfangið fljótt orðið nokkuð mikið. Svo var það árið 2009 á meðan Haraldur Örn var í fæðingarorlofi að hann stofnaði Fjallafélagið. Stofnun þess var fyrst og fremst til komin vegna þess að aðskilja þurfti verktakgreiðslur vegna fjallaverkefna og laun hans sjálfs vegna lögfræðistarfa. Fyrsta verkefni Fjallafélagsins var að útbúa gönguáskorun sem byrjaði þennan vetur og endaði með gönguferð á Hnjúkinn um vorið. Í þetta fyrsta verkefni Fjallafélagsins skráðu sig um 160 manns sem var að hans sögn algjör sprengja og mikil áskorun að halda utan um svo stóran hóp. Hann var fljótlega komin með fleiri leiðsögumenn með sér í þetta verkefni en bróðir hans Örvar var nú farinn að taka þátt í skipulagningunni. Á þessum tíma var Haraldur Örn líka önnum kafinn sem framkvæmdastjóri Íslandsbréfa en vegna mikilla anna í því starfi tók Örvar við keflinu og leiddi rekstur Fjallafélagsins næstu árin. Haraldur Örn tók samt sem áður alltaf þátt í starfi félagsins, þótt það hafi verið með smærra sniði en áður, mætti í göngur, gaf ráð og aðstoðaði við skipulag á dagskrá Fjallafélagsins. Þeir bræður ákváðu svo að hætta að einskorða sig við Hnjúksferðir og fóru í staðinn að bjóða upp á heilsárs dagskrá þar sem ákveðinn hópur gekk saman á hin ýmsu fjöll, en slíkt fyrirkomulag skapar góða stemmingu í hópnum.

Á þeim tíma þegar Haraldur Örn var að fara í ferðir á Hnjúkinn fyrir FÍ, þá gerðist eitthvað innra með honum. Hin mikla gleði og ánægja göngufólks veitti honum innblástur og leiddi hann áfram að þeirri niðurstöðu sem síðar varð, ákvörðuninni um að snúa sér eingöngu að rekstri Fjallafélagsins. Hann áttaði sig þó ekki alveg á þessu samhengi á þeim tíma.

4.4.1 Tilviljun, þetta gerðist bara sko!

Nú taka við um tíu ár þar sem Haraldur Örn var að vinna hjá Íslandsbréfum, en þar hætti hann störfum árið 2018. Hann vann sjálfstætt sem lögfræðingur í nokkurn tíma og tók svo við tímabundnu starfi í Dómsmálaráðuneytinu sem lauk um vorið 2020. Það sama vor setti hann í sölu gönguferð Fjallafélagsins yfir þveran Vatnajökul. Þegar þeirri ferð lauk var hann enn ekki alveg viss hvað hann ætlaði að gera varðandi vinnu. Á þessum tíma hófst heimsfaraldur Covid-19 og fjöldatakmörkanir voru í sund- og líkamsræktarstöðvar. Lokað var fyrir aðgang að þessum stöðum í nokkrar vikur, en það veitti honum sóknarfæri fyrir Fjallafélagið. Eftirspurn eftir gönguferðum, hverskonar göngudagskrám og öðrum ferðum um landið jókst mikið.

Það var rosaleg eftirspurn það var alltaf verið að biðja mig um ferðir og ferðir alveg endalaust.

Hann hugsaði með sér að hann gæti farið í einhverjar ferðir og leikið sér með Fjallafélaginu á meðan hann var að hugsa um næstu skref varðandi vinnu. Það var nóg að gera og hann byrjaði að bregðast við eftirspurninni. Hann bjó til nýja heimasíðu félagsins, skipulagði ferðir og samdi göngudagskrár.

Svo er ég bara ennþá þar. Þetta var aldrei bara beint svona ákvörðun að breyta um einhvern lífsstíl, þetta bara gerðist sko!

Núna um fjórum árum seinna er Haraldur Örn enn að leika sér í Fjallafélaginu. Upphaflega átti þetta ekki að verða neinn stórrekstur með miklar framtíðaráætlanir og háleit markmið og ennþá síður framtíðarstarfsvettvangur fyrir Harald Örn. Fyrir tilviljun og ef til vill vegna Covid-19 takmarkananna springur rekstur Fjallafélagsins út, aðsóknin verður gífurleg og Haraldur Örn þarf að taka ákvarðanir varðandi reksturinn, ráða starfsmann og leigja skrifstofuhúsnæði. Farið var í ákveðna nýsköpun varðandi vöruúrvalið og boðið uppá ferðir erlendis, til dæmis gönguferðir á Kilimanjaro, Dólómítana og Machu Picchu. Einnig var aukið við vöruúrval innanlands, farið í vöruþróun og dagskrárúrval aukið. Eins og getur gerst er fyrirtækið nú komið langt út fyrir það sem gert var ráð fyrir í upphafi.

Það blundar í mér svolítill frumkvöðull það sem mér finnst skemmtilegt er að fá hugmyndir og hrinda þeim í framkvæmd.

Samkvæmt því sem Haraldur Örn segir, stendur ekki til að stækka Fjallafélagið frekar, fá inn fjárfesta eða selja það áfram. Hann er stöðugt að vinna að vöruþróun, koma með nýjungar og breikka vöruúrvalið hérlendis og erlendis. Hann sér ef til vill fyrir sér að ráða framkvæmdastjóra, en þá fengi hann sjálfur tækifæri til að sinna frekari vöruþróun og halda utan um gæði ferðanna. Bókhaldsvinnan heillar Harald Örn ekki og hann er því mjög fegin ef einhver fæst til að gera bókhaldið fyrir hann. Skemmtilegast þykir honum að vinna að hugmyndum sem hann fær en þær hafa ekki allar verið góðar. Í sumar hugmyndirnar fóru bæði mikill tími og peningar, en þær gengu því miður ekki upp. Hann segir að maður þurfi að læra að fyrirgefa sjálfum sér þessar slæmu hugmyndir en halda síðan áfram. Eins og sannur frumkvöðull er Haraldur Örn stöðugt með hugmyndir á þrjónunum sem hann langar að þróa frekar og útfæra. Nú liggur fyrir að búa til „via ferrata“ eða klettastígaleið í Esjunni sem er algjör nýjung á Íslandi. Klettastígar eru fyrir fram ákveðnar klifurleiðir þar sem búið er að koma fyrir tryggingum og vírum til þess að gera þær aðgengilegri almenningi. Slík leið gæti orðið frábær viðbót við upplifunar ferðamennsku hér á landi, bæði fyrir Íslendinga og erlenda ferðamenn. Nú stendur verkefnið þannig að arkitektar og verkfræðingar hafa lokið við frumhönnun en eftir er að fá leyfi hjá borginni og ríkinu varðandi áframhaldandi skipulag. Þar sem Klettastígar þekkjast ekki hér á landi þarf að Haraldur Örn að ryðja brautina til þess að verkefnið verði að veruleika og kynna það vel svo allt gangi upp varðandi leyfi og samþykki þeirra sem eiga í hlut. Allar þessar fyrirhuguðu framkvæmdir eru allar í anda hins drífandi frumkvöðuls. Þegar Haraldur Örn er spurður um hvernig hann skilgreini sjálfan sig þá kemur á óvart að hann hefur í raun lítið gert af því að skilgreina sjálfan sig. Ef eitthvað er þá skilgreinir hann sig helst sem lögfræðing frekar en fjallamann.

Nokkrir þættir gera það að verkum að Haraldur Örn fer með Fjallafélagið alla leið og gerir starfið í félaginu að sinni aðalatvinnu. Í fyrsta lagi stendur hann á tímamótum varðandi lögfræðistörfin, en á sama tíma hefur eftirspurnin eftir ferðum Fjallafélagsins aldrei verið meiri. Hann hefur frumkvöðulsháttinn í sér og hefur nú alfarið snúið sér að rekstri og vöruþróun félagsins og hvílir því lögfræðina í bili.

5 Umræður

Í þessari rannsókn var leitað svara við tveimur rannsóknarspurningum:

- Hvað hvetur frumkvöðla til þess að fara úr öruggu starfi og yfir í áhættusaman rekstur?
- Hvaða lykilþættir í lífshlaupi Haraldar Arnar verða til þess að hann snýr sér alfarið að rekstri Fjallafélagsins?

Hér á eftir verður þessum spurningum svarað með því að setja niðurstöðurnar í samhengi við fræðilega umfjöllun.

5.1 Ferill frumkvöðulsins

Við flestar rannsóknir er leitast við að hólfa rannsóknarverkefnið niður til þess að auðvelda skilgreiningar og til þess að koma skipulagi á rannsóknina. Ef hólfa á einstaklinga og hvatir þeirra niður í flokka vilja verkefnið ekki alltaf fylgja þeim skilgreiningum sem fræðimenn setja fram og mikil skörun getur orðið milli skilgreininga og flokka. Jafnframt breytast hvatar og ástríða einstaklinga með tímanum. Niðurstaðan er samt sú að ákveðin persónuleikaeinkenni séu ríkjandi hjá frumkvöðlum. Í fyrsta lagi þarf viðkomandi að hafa ástríðu fyrir ákveðinni, hugmynd eða verkefni en síðan þarf hann að hafa persónuleikaeinkenni sem gera hann líklegan til þess að elta þá ástríðu og umbreyta henni í hlut, fyrirtæki eða lífsviðurværi (Milanesi, 2018). Þau einkenni eru helst innri sjálfstrú, áhættusækni og loks hæfileikinn til þess að koma auga á tækifæri sem aðrir sjá ekki (Asante & Affum-Osei, 2019). Áhuginn og ástríðan verður að vera svo mikill, að það er ekkert annað sem kemst að og hið venjulega líf þarf að víkja. Einstaklingar sem láta ástríðu sína ráða för, verða hafa þor og trú á eigin getu til þess að geta lifað af áhugamálinu, en kúvendingar í lífinu geta einnig verið hvati til þess að einstaklingur leggur af stað á braut frumkvöðulsins. Hinn klassíski frumkvöðull og þá sérstaklega lífsstílsfrumkvöðullinn leggur allt sitt líf og jafnvel fjölskyldunnar undir og eltir drauminn (Peters o.fl.).

Haraldur Örn er þarna engin undantekning. Hann hefur allt frá unga aldri sýnt af sér frumkvöðulshátt sem kemur fram í því að hann er óhræddur við að fara sínar eigin leiðir og sækir jafnvel í það. Hann byrjaði snemma á þessari braut t.d. þegar hann valdi að fara í Verslunarskólann í stað hinnar hefðbundnu menntaleiðar Vesturbæinga, að fara í Melaskóla, Hagaskóla og svo í MR. Aftur fetar hann sína eigin leið þegar hann fer ekki í fótspor margra samnemenda sinna úr Verslunarskólanum og velur að fara í lögfræði í stað viðskiptafræði líkt og þeir gerðu. Eftir nám er stefnan sett á að stofna sína eigin lögfræðistofu sem styður við þá hugmynd að frumkvöðullinn leitast við skapa sitt eigið og fer sínar eigin leiðir (Schumpeter, 1934). Haraldur Örn hefur tekist á við fjallaverkefni sem flestir myndu telja óhugsandi að leggja út í, hvað þá að geta klárað. Ganga á pólana tvo og klifur á hæstu tindu hveirrar heimsálfu er áhættusamt og þarfnast skipulagningar, en jafnframt þarf að hafa óbilandi trú á því að mögulegt sé að ljúka verkefninu. Í slíkum ferðum leggur fólk líf sitt að veði til þess að ná settum markmiðum og fylgja ástríðu sinni.

Útivist hefur alltaf verið stór þáttur í lífi Haraldar Arnar alveg frá því að hann fór í ferðir með fjölskyldu sinni upp á hálendi Íslands þar sem grunnur var lagður að ástríðu hans á útivist. Sú ástríða virðist kveikna og ímyndunarafli hans fær byr undir báða vængi með bókinni Fjallamennska sem hann kynnist þegar hún kemur inn á heimili hans. Þessi bók hafði djúpstæð og mótandi áhrif á hinn unga Harald Örn. Ástríðan fyrir útivist innsiglast svo þegar hann fær inngöngu í Alpklúbbinn þar sem hann kynnist hóp af jafnöldrum og saman stíga þeir sín fyrstu skref inn í ævintýramennsku útivistarinnar. Þarna er grunnurinn lagður að ástríðunni sem veitir honum lífsfyllingu, hamingju og frelsi. Sú tilfinning fylgir honum í gengum lífið.

Það verða stór tímamót í lífi Haraldar Arnar þegar hann kemur heim til Íslands eftir að hafa klifið Everest, hæsta tind veraldar. Þá hafði hann varið tveimur árum í að elta ástríðu sína og gerst atvinnumaður í fjallamennsku. Eftir Everest verkefnið hafði hann um nokkrar leiðir að velja. Í fyrsta lagi gat hann haldið áfram á sömu braut og sóst eftir heimsfrægð sem fjallamaður. Sú leið hugnaðist honum ekki því hann sóttist ekki eftir frægð og frama á þeim vettvangi, frægð og frami voru ekki hvatinn og ástríðan að baki fjallamenskunnar. Önnur leið var að gerast fjallaleiðsögumaður á Íslandi. Hvað það snerti kom metnaður hans í veg fyrir að hann sæi nægilega spennandi tækifæri í þeim geira, þar sem tíðarandinn og fjöldi ferðamanna á Íslandi var þá ekki eins mikill og hann er í dag. Metnaður Haraldar Arnar til að gera eitthvað sem veitti honum persónulega lífsfyllingu olli því að hann leitaði frekar að áskorunum innan lögfræðinnar.

Þegar hann lauk fyrstu ferð Fjallafélagsins yfir Vatnajökul vorið 2020 var hann aftur á tímamótum. Nú voru liðin tuttugu ár og á þeim árum var hann orðinn faðir, búinn að vinna hin ýmsu lögfræðistörf bæði á eigin vegum, fyrir ríkið og sem framkvæmdastjóri innan einkageirans. Einnig hafði hann sigrast á stærstu áskorunum fjallamenskunnar með göngu á báða pólana og náð á hæstu tinda hveirrar heimsálfu. Þá leitaði hugur hans aftur að ástríðunni sem hafði veitt honum svo mikla gleði og frelsi gegnum lífið. Tíðarandinn var nú orðinn þannig að Íslendingar eru farnir að sækja mikið í útivistar- og hreyfiferðir bæði innanlands og erlendis. Haraldur Örn sér nú tækifæri til að skapa sér spennandi líf með Fjallafélaginu. Fjallafélagið hefur reyndar fylgt honum alla tíð, en alltaf verið hliðarverkefni þangað til nú að hann ákveður að gera félagið og starfsemi þess að lífsviðurværi sínu.

Í dag hefur hann tekist á við miklar áskoranir bæði innan lögfræðinnar og fjallamenskunnar og sigrast á þeim öllum, en nú liggja hvatar hans í að skapa sér áhugavert og gott líf þar sem frelsið og fjallamennskuástríðan eru höfð í fyrirrúmi.

6 Lokaorð

Í þessari rannsókn eru skoðaðir hvatar og ástríður frumkvöðla almennt og sjónum einkum beint að einni tegund frumkvöðla, lífsstílsfrumkvöðlum. Hér eru hvatar og ástríður íslensks lífsstílsfrumkvöðuls skoðaðar sérstaklega. Tekin voru viðtöl við Harald Örn Ólafsson lögfræðing og Everestfara og rýnt í þá lykilþætti í lífshlaupi hans sem leiddu til þess að hann rekur nú lítið ferðapjónustu- og fjallamenskufyrirtæki, Fjallafélagið. Lítið er til af rannsóknum á hvötum og ástríðu einstaklinga í ferðapjónustu. Rannsóknir hafa einna helst verið gerðar með viðskipta og hagfræðisjónarmið að leiðarljósi. Þessi rannsókn gefur vísbendingar um að hvatar og persónuleikaeinkenni frumkvöðla í ferðapjónustu á Íslandi séu af sama toga og hjá erlendum frumkvöðlum í ferðapjónustu. Ákveðnar takmarkanir eru á rannsókninni, því eingöngu var rætt við einn einstakling og byggir hún á túlkun rannsakanda á þeim gögnum sem fengust úr viðtölunum við hann. Einnig gera tengsl rannsakanda við Harald Örn það að verkum að greining gagna litast af persónulegum tengslum við hann. Frekari rannsókna er þörf til að öðlast betri þekkingu á hvötum og ástríðu íslenskra frumkvöðla í ferðapjónustu. Rannsóknin sýnir að frumkvöðlar geta verið margskonar og eiginleikar þeirra ekki allir eins. Frumkvöðlar eiga þó margt sameiginlegt. Einlæg ástríða frumkvöðulsins fyrir verkefni sínu er það sem helst einkennir hann. Hindranir og erfiðleikar við að elta drauma sína og láta eitthvað verða að veruleika, sýnast alls ekki óyffirstíganlegir í þeirra augum. Hæfileikinn að koma auga á tækifæri sem aðrir sjá ekki er einnig lykilþáttur, en persónuleikaeinkenni, svo sem innri forlagahyggja og áhættusækni gera einstaklinginn líklega til þess að láta hugmyndir verða að veruleika. Hvatar og ástríður þeirra geta svo breyst eftir því hvað er að gerast í lífi þeirra hverju sinni og eru ekki alltaf eins og þeir voru í upphafi. Hvatinn á bak við stofnun fyrirtækja frumkvöðla í ferðapjónustu virðist síðan vera að skapa sér áhugavert líf í kringum ástríðu sína. Ástríðan og hvatinn að baki rekstrinum eru ekki endilega að sækjast eftir gróða eða skara fram úr í sinni grein heldur eru þeir að leita sér að lífsfyllingu, frelsi. Í viðtalinu við Harald Örn segir hann sjálfur að hann sé að reka Fjallafélagið til þess að skapa sér skemmtilegt líf og segir að tilviljanir hafi ráðið miklu um að hann ákvað að stíga skrefið til fulls, og segja skilið við lögfræðina, í bili að minnsta kosti. Samt sem áður er ljóst að mikil ástríða fyrir útivist og nokkur dæmigerð einkenni frumkvöðulsháttar liggja að baki ákvarðanatöku hans. Áhugavert væri að taka fleiri viðtöl við frumkvöðla í sambærilegri ferðapjónustu og bera þau saman við niðurstöðu þessarar rannsóknar og kanna hvort að samhljómur er í frásögnum þessara aðila. Það sem kom mest á óvart við gerð þessarar rannsóknar var að hvatinn á bak við það að Haraldur Örn fór á fullt með Fjallafélagið var hvorki flókin né djúpur eða vel út hugsaður heldur var hvati hans og ástríða að skapa sér skemmtilegt líf. Það væri áhugavert að skoða hvar Haraldur Örn verður staddur eftir önnur tuttugu ár og sjá hver þróunin verður á hvötum hans og ástríðu. Eftir að hafa skoðað lífshlaup Haraldar Arnar er ljóst að hann býr yfir miklum metnaði og sjálfstrú sem hefur hvatt hann til þess að sækjast í krefjandi áskoranir. Ástríða hans hefur alltaf tengst útivist sem hefur fylgt honum í gegnum lífið. Haraldur Örn skilgreinir sjálfan sig sem lögfræðing frekar en fjallamann, en nú undir það síðasta er hann farin að sjá sig sem frumkvöðul. Eftir allt það sem hann hefur tekist á við, og sigrast á, í gengnum lífið með metnaði og þrautseigju, sér hann nú tækifæri og hvata í því að elta ástríðu sína og gera hana að lífsviðurværi sínu, í bili að minnsta kosti. Þegar upp er staðið þá veitir GORE-TEX gallinn Haraldi Erni meiri lífsfyllingu en jakkafötin.

Heimildir

- Asante, E. A. & Affum-Osei, E. (2019). Entrepreneurship as a career choice: The impact of locus of control on aspiring entrepreneurs' opportunity recognition. *Journal of Business Research*, 98, 227-235. <https://doi.org/10.1016/j.jbusres.2019.02.006>
- Ateljevic, I. & Doorne, S. (2000). Staying within the fence': Lifestyle entrepreneurship in tourism. *Journal of Sustainable Tourism*, 8(5), 378-392. <https://doi.org/10.1080/09669580008667374>
- Baumol, W. J. (1990). Entrepreneurship: Productive, Unproductive, and Destructive. *Journal of Political Economy*, 98(5), 893-921, <https://doi.org/10.1086/261712>
- Bryman, A. (2016). *Social Research Methods* (5. útg.). Oxford University Press.
- Ferðamálastofa. (2022, 30. apríl). *Ný könnun um ferðalög Íslendinga og ferðaáform 2022* <https://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/ny-konnun-um-ferdalog-islendinga>
- Florea, [Ramona] & Florea, [Radu]. (2013). Entrepreneurship and Education in European Union Countries. *Economy Transdisciplinarity Cognition*, 16(2), 75-80. https://www.researchgate.net/publication/315768505_Entrepreneurship_and_Education_in_European_Union_Countries
- Fjallafélagið. (á.á.). *Við erum Fjallafélagið*. <https://fjallafelagid.is/fjallafelagid/>
- Edward Hákon Huijbens & Gunnar Þór Jóhannesson. 2013. *Ferðamál á Íslandi*. Mál og Menning.
- Hollick, M. & Braun, P. (2005). Lifestyle entrepreneurship: the unusual nature of the tourism entrepreneur. *Proceedings of the Second Annual AGSE International Entrepreneurship Research Exchange*, Swinburne Press, Melbourne, 10(11).
- Kirzner, I. M. (1997). Entrepreneurial Discovery and the Competitive Market Process: An Austrian Approach. *Journal of Economic Literature*, (35)1, 60-85.
- Lazear, E.P. (2002). Entrepreneurship, NBER Working Paper 9109. National Bureau of Economic Research, Inc. <https://www.nber.org/papers/w9109>
- Íslandsbanki. (2019, maí). *Íslensk ferðapjónusta*. https://cdn.islandsbanki.is/image/upload/v1/documents/islensk_ferdathjonusta_skyrsla.pdf
- Marcketti, S., Niehm, L., & Fuloria, R. (2009). An Exploratory Study of Lifestyle Entrepreneurship and Its Relationship to Life Quality. *Family and Consumer Sciences Research Journal*. 34. 241 - 259. <https://doi.org/10.1177/1077727X05283632>
- Milanesi, M. (2018). Exploring passion in hobby-related entrepreneurship. Evidence from Italian cases. *Journal of Business Research*, 92. <https://doi.org/10.1016/j.jbusres.2018.04.020>
- Morrison, A. (2006). A Contextualisation of Entrepreneurship. *International Journal of*

- Entrepreneurial Behaviour & Research*. 12(4), 192-209.
<https://doi.org/10.1108/13552550610679159>
- Peters, M., Frehse, J. & Buhalis, D. (2009). The importance of lifestyle entrepreneurship: A conceptual study of the tourism industry. *PASOS: Revista de Turismo y Patrimonio Cultural*, 7(2), 393–405.
- Rögnvaldur J. Sæmundsson & Örn D. Jónsson. (2010). Frumkvöðlar og nýsköpun. *Tímarit um viðskipti og efnahagsmál*, 7(2), 61-74.
- Saldaña, J. (2016). *The Coding Manual for Qualitative Researchers* (3. útg). Sage.
- Schumpeter, J.A. (1934). *The Theory of Economic Development: An Inquiry into Profits, Capital, Credit, Interest, and the Business Cycle*. Routledge.
- Singh, C., Tebboth, M., Spear, D., Mensah, A. & Ansah, P., Davies, J., (2018). *Conducting Life History Interviews: A How-to Guide*.
https://www.researchgate.net/publication/325967603_Conducting_Life_History_Interviews_A_How-to_Guide
- Stanford. (á.á.). *What is entrepreneurship?* <https://online.stanford.edu/what-is-entrepreneurship>
- Stjórnarráðið. (á.á.). *Leiðandi í sjálfbærri þróun – Íslensk ferðaðjónusta til 2030*.
<https://www.stjornarradid.is/verkefni/atvinnuvegir/ferdathjonusta/islensk-ferdathjonusta-til-2030/leidandi-i-sjalfbaerri-throun-islensk-ferdathjonusta-til-2030/>
- Stjórnarráðið. (2005). Sjávarútvegur sem grunnatvinnuvegur á Íslandi, *Fjármálatíðindi*, 52, 14-35.
https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Audlindir/Skyrslur-05-14/2005_Sj%C3%A1var%C3%BAtvegur%20sem%20grunnatvinnuvegur%20%C3%A1%20%C3%8Dslandi.pdf
- Solvoll, S., Alsos, G. & Bulanova, O. (2015). Tourism Entrepreneurship – Review and Future Directions. *Scandinavian Journal of Hospitality and Tourism*.
<https://doi.org/10.1080/15022250.2015.1065592>
- Wang, S., Hung, K. & Huang, W. (2019). Motivations for entrepreneurship in the tourism hospitality sector: A social cognitive theory perspective. *International Journal of Hospitality Management*. <https://doi.org/10.1016/j.ijhm.2018.11.018>
- Williams, A., Shaw, G. & Greenwood, J. (1989). From tourist to tourism Entrepreneur, from Consumption to Production: Evidence from Cornwall, England, *Environment and Planning A*21(12), 1639-53.

Viðauki A – Viðtalsrammi I

#1 viðtal við Harald Örn Ólafsson

Segðu mér frá sjálfum þér?

- Hvernig voru upp vaxtarárin?
- Fjölskyldan
- Skólaganga, hvers vegna lögfræði
- Vinnuferill

Fjalla áhuginn

- Hvar byrjaði hann
- Með hverjum

Fjallafélagið

- Hvers vegna var það stofnað?
- Hvenær
- Hverjir
- Hvernig er stefnan og framtíðarsýn
- Er sama markmiðið og lagt var upp með í byrjun?

Stórir sigrar í fjallamennsku

- 7 tindar (Seven Summits)
- Ferðir á pólana- Suðurpóll -Norðurpóll
- Aðrar ferðir- styttri, lengri ferðir
- Hvernig mótuðu afrekin fjallamanninn frekar

Viðauki B – Viðtalsrammi II

#2 viðtal við Harald Örn Ólafsson

Framtíðin

- Hvert stefnir Haraldur
- Hefur einhver viljað kaupa fyrirtækið?
- Framtíð Fjallafélagsins
- Samruni

Hver er maðurinn?

- Hvað er það sem gefur lífsfyllingu
- Hvernig er dagurinn á skrifstofunni
- Skilgreining á sér
- Hvatinn á bak við námið, lögfræðina, fjallamennskuna og Fjallafélagið
- Hvernig lítur hann á sig, hver er hans upplifun af sjálfum sér
- Ferðalangur-þróun frá:

Lögfræði

Fjallamaður

Fjallaleiðsögumaður

Frumkvöðull

Lífsstílsfrumkvöðull